



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 25. mars 2024
24033565/505.01 ÁH

Fífuhvammsvegur umsókn um framkvæmdaleyfi

Með vísan í 5. mgr. 13. gr. og 3 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 óskar framkvæmdadeild eftir framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun þriggja gatnamóta á Fífuhvammsvegi við Dalveg og beggja vegna við Reykjanesbraut. Skipta þarf út eldri umferðarljósabúnað fyrir nýrri ljósastryðum. Hægri beygju framhjáhlaup við Fífuhvammsveg – Dalveg er aflagt og miðeyjur breytast. Framkvæmdirnar fela í sér upprif á núverandi yfirborði þar sem breytingar verða, alla jarðvinnu og allan yfirborðsfrágang. Framkvæmdasvæðið mun ná frá gatnamótum Fífuhvammsvegar og Dalvegar til og með eystri ramp gatnamóta Fífuhvammsvegar og Reykjanesbrautar. Framkvæmdir eru taldar auka öryggi og umferðarflæði um svæðin.

Lýsing á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum sbr. 3. lið 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi:

Um er að ræða óveruleg frávík við breytingar á gatnamótum án þess að gerðar séu breytingar á akstursefnum. Framkvæmdirnar eru umferðartæknilegar endurbætur á gatnamótum í þágu bættis umferðaröryggis og -flæðis sem eru alla jafna eru ekki talin deiliskipulagsskyldar. Þrátt fyrir að vera háð framkvæmdaleyfi. Engin lóðamörk breytast og eru innan bæjarlands. Framkvæmdirnar hafa ekki áhrif á önnur veitukerfi en þau sem eru í eigu Kópavogsbæjar.

Við framkvæmdirnar skerðast hagsmunir nágretta í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn og því telur framkvæmdadeild ekki ástæðu fyrir grenndarkynningu sbr. 44. gr. skipulagslaga. Þrátt fyrir þetta hefur framkvæmdin verið kynnt forsvarsmönnum Smáralindar við endurnýjun á núverandi mælablaði og telja sig ekki vera mótfallin þeim sbr. fundargerð dags. 19.12.2023. Framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Hjólastígurinn er í samræmi við stofnstígakerfi höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdin er unnin í samráði við Vegagerðina og Veitur.



Meðfylgjandi gögn:

- Afstöðumynd, hnitsett í mælikvarða 1:2.000 - 1:500 dags. hluti 1 og 2, dags. 26. mars 2024
- Yfirlitsmynd í mælikvarða 1:10.000-1:2.000 dags. 26. mars sem sýnir staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis ásmat úrdráttur úr aðalskipulagi sem sýnir afmörkun framkvæmdasvæðis.
- Hönnunargögn unnin af verkfræðistofunni VSÓ dagsett í apríl 2024
- Minnisblað VSÓ ráðgjafar vegna umferðargreiningar vegna gatnamóta Fífuhvamsvegur og Dalvegur dags. 19.3.2024
- Valkostagreining unnin af VSÓ ráðgjöf dags. 23.3.2023.
- Fundargerð með forsvarsmönnum Smáralindar og Norðurturndags. 19.12.2023

Tilvísanir

5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

„Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag [og í samræmi við] ⁴⁾ landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis. [Um grenndarkynningu fer skv. 44. gr. með þeim undantekningum sem þar eru tilgreindar. Heimilt er að falla frá grenndarkynningu ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi.] ⁵⁾“

3 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

„Við útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.“

Virðingarfyllt,

Ármann Halldórsson
Deildarstjóri framkvæmdadeildar